

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 1029/2014****2015/EES/63/72****frá 26. september 2014****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 73/2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga  
fyrir samevrópska loftrýmið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin)<sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 3. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í ákvæðum 13. mgr. 3. gr., 5. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 10. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010<sup>(2)</sup> er vísað til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005<sup>(3)</sup>, sem var felld úr gildi með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011<sup>(4)</sup>. Því ætti að uppfæra tilvísanir til reglugerðar (EB) nr. 2096/2006 í reglugerð (EB) nr. 73/2010 þannig að í staðinn sé vísað til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er vísað til staðla sem Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) mæla fyrir um. Síðan reglugerð (ESB) nr. 73/2010 var samþykkt hafa Alþjóðlegu staðlasamtökin þó endurskoðað og breytt númerum sumra þessara staðla. Því ætti að uppfæra tilvísanir til viðeigandi ISO-staðla í reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til að tryggja samræmi við nýjustu númeraröð og útgáfu þessara staðla.
- 3) Í I., III. og XI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er vísað til ýmissa skilgreininga og ákvæða, sem mælt er fyrir um í 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningssflug (Chicago-samningurinn), nánar tiltekið í 12. útgáfu samningsins frá júlí 2004, með breytingu nr. 34. Síðan reglugerð (ESB) nr. 73/2010 var samþykkt hefur Alþjóðaflugmálastofnunin breytt mörgum skilgreiningum og ákvæðum og að einhverju leyti uppbyggingu 15. viðauka við Chicago-samninginn, nú síðast í 14. útgáfu samningsins frá júlí 2013, með breytingu nr. 37. Því ætti að uppfæra tilvísanir til Chicago-samningsins í reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til að uppfylla alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar aðildarríkjanna og tryggja samræmi við tilskilinn alþjóðlegan regluramma Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 4) Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 73/2010 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými sem komið var á fót skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004<sup>(5)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 73/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7) „samþættar flugmálaupplýsingar“ (IAIP): upplýsingar, á pappír eða rafrænu formi, sem samanstanda af eftirfarandi þáttum:

    - a) flugmálahandbók (AIP), þ.m.t. breytingum við hana,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 73/2010 frá 26. janúar 2010 um kröfur um gæði flugmálagagna og flugmálaupplýsinga fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 6).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu (Stjtið. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011 frá 17. október 2011 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar flugleiðsöguþjónustu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 482/2008 og (ESB) nr. 691/2010 (Stjtið. ESB L 271, 18.10.2011, bls. 23).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

- b) viðbætur við flugmálahandbókina,
  - c) tilkynningum til flugmanna (NOTAM), eins og þær eru skilgreindar í 17. lið og forflugstilkynningum (PIB),
  - d) upplýsingabréfum flugmála (AIC) og
  - e) gátlistum og listum yfir gildandi tilkynningar til flugmanna,“.
- b) Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:
- „8) „hindranagögn“ (e. *obstacle data*): gögn um alla fasta (varanlega eða tímabundna) og hreyfanlega hluti, eða hluta þeirra, sem staðsettir eru á svæði sem ætlað er til hreyfingar loftfars á jörðu niðri eða sem ná hærra en skilgreindur flötur sem ætlaður er til að vernda loftför á flugi eða sem eru utan þessara skilgreindu flata og teljast skapa hættu fyrir flugumferð,“.
- c) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:
- „10) „gögn um kortlagningu flugvalla“: gögn sem aflað er í þeim tilgangi að taka saman upplýsingar um kortlagningu flugvalla,“.
- d) Í stað 13. liðar komi eftirfarandi:
- „13) „veitandi upplýsingaþjónustu flugmála“: sú stofnun sem ber ábyrgð á að veita upplýsingaþjónustu flugmála og er vottuð í samræmi við kröfur framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1035/2011,“.
- e) Í stað 24. liðar komi eftirfarandi:
- „24) „áhættugögn“ (e. *critical data*): gögn, sem eru flokkuð samkvæmt c-lið heilleikaflokkunar, sem skilgreind er í lið 1.1 í 1. kafla 15. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn),“.
- f) Í stað 25. liðar komi eftirfarandi:
- „25) „mikilvæg gögn“ (e. *essential data*): gögn sem eru flokkuð samkvæmt b-lið heilleikaflokkunar sem skilgreind er í lið 1.1 í 1. kafla 15. viðauka við Chicago-samninginn.“
- 2) Í stað 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:
- „5. Án þess að það hafi áhrif á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., tryggja að starfsfólk þeirra, sem ber ábyrgð á verkefnum við veitingu flugmálagagna og flugmálaupplýsinga, hafi hlotið fullnægjandi þjálfun, sé hæft og hafi heimild til þeirra starfa sem ætlast er til að það inni af hendi.“
- 3) Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Án þess að það hafi áhrif á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 skulu aðilarnir, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., innleiða og viðhalda gæðastjórnunarkerfi, sem nær yfir veitingu flugmálagagna þeirra og flugmálaupplýsinga, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í A-hluta VII. viðauka.“
- 4) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 5) Í stað III. viðauka komi texti II. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Í stað XI. viðauka komi texti III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

*I. VIÐAUKI*

Í stað a-liðar B-hluta í I. viðauka komi eftirfarandi:

- „a) veitt með stafrænum hætti, í samræmi við kröfur Alþjóðflugmálastofnunarinnar sem um getur í 9. lið, lið 9a og III. viðauka (12. lið),“.

---

## II. VIÐAUKI

## „III. VIÐAUKI

## ÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í GREINUM OG VIÐAUKUM

1. Liður 3.7 í 3. kafla (Gæðastjórnunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
2. Liður 1.2.1 í 3. kafla (Lárétt viðmiðunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
3. Liður 1.2.2 í 3. kafla (Lóðrétt viðmiðunarkerfi) 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
4. Ákvæði 4. kafla (flugmálahandbók (AIP)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
5. Liður 4.3 í 4. kafla (Forskriftir fyrir breytingar á flugmálahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
6. Liður 4.4 í 4. kafla (Forskriftir fyrir viðbætur við flugmálahandbók) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
7. Ákvæði 5. kafla (Tilkynningar til flugmanna (NOTAM)) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
8. Liður 6.2 í 6. kafla (Veiting upplýsinga á pappírformi) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
9. Liður 10.1 í 10. kafla (Þekjusvæði og kröfur fyrir veitingu gagna) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
- 9a. Liður 10.2 í 10. kafla (Landslagsgögn — innihald, tölulegar forskriftir og skipulag) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
10. Ákvæði 1. viðbættis (Innihald flugmálahandbókar) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
11. Ákvæði 7. viðbættis (Upplausn og heilleikaflokkun við birtingu flugmálagagna) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
12. Ákvæði 8. viðbættis (Kröfur sem varða landslags- og hindranagögn) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).
13. Forskriftir frá *Object Management Group* (OMG) fyrir UML-skilgreiningarmálið (e. *Unified Modelling Language* (UML)), útgáfa 2.1.1.
14. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19107:2003 — *Geographic information — Spatial schema* (1. útgáfa — 8. maí 2003).
15. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19115:2003 — *Geographic information — Metadata* (1. útgáfa — 8. maí 2003 [leiðrétting *Cor* 1:2006 5.7.2006]).
16. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19139:2007 — *Geographic information — Metadata — XML schema implementation* (1. útgáfa — 17. apríl 2007).
17. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19118:2011 — *Geographic information — Encoding* (2. útgáfa — 10. október 2011).

18. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19136:2007 — *Geographic information — Geography Mark-up Language (GML)* (1. útgáfa — 23. ágúst 2007).
19. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 19757-3:2006 — *Information technology — Document Schema Definition Languages (DSDL) — Part 3: Rule-based validation — Schematron* (1. útgáfa — 24. maí 2006).
20. Skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið (e. *World Geodetic System Manual*) — 1984 (2. útgáfa — 2002).
21. Liður 7.3.2 í 7. kafla (Reiknirit fyrir lotubundna viðaukaprófun (e. *cyclic redundancy check (CRC)*)) í skjali Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9674-AN/946 — Handbók um Alþjóðalandmælingakerfið — 1984 (WGS-84) (2. útgáfa — 2002).
22. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO/IEC-staðall 27002:2005 — Upplýsingatækni — Öryggisætkni — Starfsvenjur fyrir stjórnun upplýsingaöryggis (1. útgáfa — 15. júní 2005).
23. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 28000:2007: *Specification for security management systems for the supply chain* (1. útgáfa — 21.9.2007, sætir endurskoðun, verður skipt út fyrir 2. útgáfu sem áætlað er að verði tilbúin 31. janúar 2008 [á rannsóknarstigi]).
24. Eurocae, ED-99A, Kröfur notenda um upplýsingar í tengslum við kortlagningu flugvalla (e. *User Requirements for Aerodrome Mapping Information*) (október 2005).
25. Alþjóðlegu staðlasamtökin, ISO-staðall 19110:2005 — *Geographic information — Methodology for feature cataloguing* (1. útgáfa).“

---

### III. VIÐAUKI

#### „XI. VIÐAUKI

#### FRÁVIK ALÞJÓÐAFLUGMÁLASTOFNUNARINNAR SEM UM GETUR Í 14. GR.

Liður 3.5.2 í 3. kafla (Lotubundin viðaukaprófun) í 15. viðauka við Chicago-samninginn — Upplýsingaþjónusta flugmála. (14. útgáfa, júlí 2013, með breytingu nr. 37).“

---